

Þriðjudaginn 28. febrúar 2023 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.15:15.

Mætt voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Garðar Freyr Vilhjálmsson

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

1. Beiðni til Dalabyggðar vegna erindis

Bakkahvammi hses. barst erindi frá Dalasmíði ehf. vegna tafa á byggingaframkvæmdum vegna m.a. tafa á veituf framkvæmdum og ástandi gatnaframkvæmda á vegum Dalabyggðar. Þá var því lýst að veður og frosthörkur hefðu sett nokkuð strik í reikninginn varðandi vetrarvinnu.

Bakkahvammur hses. mun í samræmi við 6. gr. verksamnings bæta 14 dögum við afhendingarfrest vegna tafa á jarðvegspúða í upphafi verksins. Ásamt því er tekið tillit til óveðurs- og kuldatíðar og býðst Bakkahvammur til að lengja afhendingarfrest í samræmi við tafir.

Þá er þess farið á leit við sveitarstjórn Dalabyggðar að Dalasmíði ehf. verði greiddar 1.226.280 kr. vegna þess óhagræðis sem ofangreindar framkvæmdir á vegum Dalabyggðar ollu.

Lagt til að formaður fái umboð til að ganga frá málinu í samstarfi við sveitarstjóra Dalabyggðar.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:21